

snertir Norðurmúlasýslu, á árinu 1873, og skýrslur um verðlag á vörum á sama ári, mælumst vör til, að þær leiðið athygli tæðs embættismanns að því, að senda skuli yður beina leið þesskonar skýrslur samkvæmt 13. gr. í erindisbræfi fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872.

1874.

4. júlí.

53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsaleigastyrk handa amtmanninn í norður- og austurumdæminu.

6. júlí.

Eftir að hingað hefir borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. maím. þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 4. þ. m. allramildilegast að veita amtmanni yfir norður- og austurumdæmi Íslands, Kristjáni Christjanssyni 200 rd. húsaleigustyrk á yfirstandanda reikningsári.

Þetta gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þær birtíð það og gjöríð ráðstafanir til, að fè þetta verði goldíð amtmanninum.

54. Auglýsing um að stofnað skuli stjórnarráð fyrir Ísland og hvernig skipta skuli niður störfum þeim, sem hin íslenzka stjórnardeild, er hingað til hefir verið, hefir haft á hendi.¹⁾

14. júlí.

Með allrahæstum úrskurði, dagsettum í dag, hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast at skipa svo fyrir:

- 1) að stofna skuli frá 1. ágúst þ. á. særstakt stjórnarráð

¹⁾ Þessi auglýsing er prentuð á Íslenzku og Dönsku í »Stjórnartíðindunum fyrir Ísland, 1874, A., Nr. 1.«

1874.

14. júlí.

fyrir Ísland, samkvæmt stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 2. og 62. gr.;

2) að öll þau mál viðvíkjandi Íslandi, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, er heyrir undir dómsmálastjórnina og að því leyti, er snertir kirkju- og skólamál, undir kirkju- og kennslustjórnina, skuli frá 1. ágúst þ. á. lögð undir stjórnarráðið fyrir Ísland, þannig að öll sèrstakleg íslenzk málefni verði eptirleiðis afgreidd í þessu stjórnarráði, að undantekinni endurskoðun íslenzkra reikninga, sem 1. reikningastjórnardeild fjárhagsstjórnarinnar skal hafa á hendi fyrst um sinn eins og hingað til;

3) að færeysku málin, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, skuli lögð undir 2. stjórnardeild dómsmálastjórnarinnar, að undanteknum færeyskum kirkju- og skólamálum, sem skulu lögð undir kirkju- og kennslustjórnina.

Í fyrirsæti ráðgjafanna, 14. dag júlím. 1874.

L. Gr. Holstein.

J. Holten.

17. júlí.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um stjórnartíðindi fyrir Ísland.¹

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 13. þ. m. allramildilegast að fallast á, að útgefin verði frá 1. ágúst þ. á. stjórnartíðindi fyrir Ísland, og að greiða megi útgjöld þau, sem með þarf til þessa á yfirstandandi ári og sem muni nema hér um bil 240 rd., úr hinum íslenzka landssjóð, þannig að upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í 6. gr. í áætlun um tekjur og

¹) Þetta bréf er prentuð á Íslenzku í »Stjórnartíðindum fyrir Ísland«, 1874, B., bls. 1., og er þar orðað nokkuð öðruvísi, en hér.